

## RE: 2103162 - Beiðni um rökstuðning

**Til** : Hrafnhildur Tryggvadóttir  
**Frá** : Auður L. Arnþórsdóttir - MAST <audur.arnthorsdottir@mast.is>  
**CC** : Hrönn Ólína Jörundsdóttir - MAST <hronn.jorundsdottir@mast.is>; Sigurbjörg Bergsdóttir - MAST <sigurbjorg.bergsdottir@mast.is>  
**Heiti** : RE: 2103162 - Beiðni um rökstuðning  
**Málsnúmer** : 2103162  
**Málsaðili** : Borgarbyggð  
**Skráð dags** : 26.05.2021 14:47:35  
**Höfundur** : Auður L. Arnþórsdóttir - MAST <audur.arnthorsdottir@mast.is>

**Viðhengi** [image003.png](#)  
[image002.jpg](#)

Til byggðaráðs Borgarbyggðar.

Vísað er til erindis sem barst til Matvælastofnunar 7. maí sl. (tilvísun Borgarbyggðar 2103162).

Óhapp varð við flutning á hræjum af sauðfé sem skorið var niður vegna riðu á bæ í Húnavatnssýslu 18. mars í brennslustöðina Kólku á Suðurnesjum. Við Hvalfjarðargöngin varð flutningsaðili var við að hleri hefði opnast og tilkynnti þegar um málið til Matvælastofnunar sem brást við með því að hafa samband við aðila á Akranesi þangað sem farið var með gáminn og farmurinn fluttur yfir í annan gám. Mánudaginn 22. mars barst Matvælastofnun ábending frá vegfaranda um að hann hefði séð að vökvi hefði slest upp úr gámnum af og til á leiðinni ofan úr Norðurárdal niður í Leirársveit.

Eftir skoðun og mat á málinu komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að litlar líkur væru á því að sauðfé á svæðinu stafaði hættu af þessum vökva. Við matið var litið til þess að ekkert fé gengur úti á þessu svæði fyrr en eftir nokkra mánuði, um fátt fé er að ræða þegar þar að kemur, magn smitefnis er lítið og ýmsir umhverfisþættir munu hafa áhrif til að minnka virkni þess.

Riða er ekki bráðsmitandi sjúkdómur og töluvert mikið smitefni þarf til að kindur sýkist. Smit verður aðallega innanhúss og þá sérstaklega í tengslum við sauðburð. Utanhúss verður smit helst þar sem mikill fjöldi er á litlu svæði eða við aðstæður sem valda streitu.

Engar raunhæfar leiðir eru til sótthreinsunar jarðvegs en í þeim tilfellum sem miklar líkur eru taldar á smitefni í jörðu og í töluverðu magni, er farið í jarðvegsskipti, svo sem á bæjum þar sem riða hefur greinst. Í þessu tilviki væri slík aðgerð ekki raunsæ af ýmsum ástæðum, m.a. er ekki nákvæmlega vitað hvar slettist upp úr gáminum og eins og áður segir er um lítið magn af smitefni að ræða.

Eftirlit á sauðfjárbúum á þessu svæði hefði engu skilað þar sem fé gekk ekki úti á þessum tíma og ekki er um loftborið smit að ræða. Auk þess er meðgöngutími riðu mörg ár.

Matvælastofnun mun óska eftir því við Vegagerðina að sérstaklega vel verði fylgst með og smalað meðfram þjóðveginum á þessu svæði í sumar. Stofnunin mun jafnframt leggja áherslu á að taka sýni úr fé af bæjum á svæðinu í komandi sláturtíðum.

Bestu kveðjur,  
Auður.

*Auður Lilja Arnþórsdóttir*



Matvælastofnun / Icelandic Food and Veterinary Authority  
Austurvegur 64 - 800 Selfoss - Iceland  
Sími/tel: (+354) 530 4800 - [www.mast.is](http://www.mast.is)

---

**Frá:** Hrafnhildur Tryggvadóttir  
**Sent:** föstudagur, 7. maí 2021 15:11  
**Til:** Hrönn Ólína Jörundsdóttir - MAST ; Auður L. Arnþórsdóttir - MAST  
**Efni:** 2103162 - Beiðni um rökstuðning

Góðan dag

Í viðhengi er beiðni Borgarbyggðar um rökstuðning MAST vegna óhapps á riðusmituðum úrgangi. Erindið er einungis sent í tölvupósti en sé þess óskað er unnt að senda frumrit í bréfpósti. Vinsamlegast staðfestið móttöku



**Kveðja góð / Best regards**  
Hrafnhildur Tryggvadóttir  
Deildarstjóri umhverfis- og framkvæmdamála  
? +354 433-7100  
[hrafnhildur@borgarbyggd.is](mailto:hrafnhildur@borgarbyggd.is) / [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is)  
[www.facebook.com/borgarbyggd](https://www.facebook.com/borgarbyggd)

Efni þessa tölvupósts, sem og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi, kann að vera trúnaðarmál. Það er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Borgarbyggðar eða tengdra stofnana. Misnotkun getur varðað bótaábyrgð og refsingu, auk þess sem viðtakanda ber samkvæmt gildandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum. Vinsamlegast eyðið póstinum og viðhengjunum í slíkum tilvikum.

The content of this e-mail and its attachments may be confidential and is only intended for the person or entity to which the e-mail is addressed. The sender is responsible for the content of this e-mail and its attachments if it is not connected with the activities of Borgarbyggð or its affiliated entities. Unauthorized use can instigate a claim for damages and constitute a criminal offence. If you have received this e-mail or its attachments by mistake please notify the sender and delete the e-mail and its attachments.